

13. fundur umhverfisnefndar 12.ágúst 2015

Mættir: *Sigríður J. Sigurfinnsdóttir, Pálmi Hilmarsson og Ragnhildur Sævarsdóttir sem ritaði fundargerð.*

Efni þessa fundar var að fara yfir og skoða þær tillögur sem borist höfðu vegna tilnefningar til Umhverfisverðlauna Bláskógabyggðar árið 2015.

Nefndin ákvað að keyra á eftirtalda staði og kynna sér þá frekar : Hvernig Krístrúnu í Efstadal 1 hefur tekist að halda niðri Njóla á bænum, umhverfi og ásýnd Gallerísins á Laugarvatni, umhverfi við húsið Þöll í Reykholti, umhverfi Friðheima í Reykholti.

Í framhaldi af þessum fundi var ákveðið að veita íbúum hússins Þallar í Reykholti umhverfisverðlaun Bláskógabyggðar árið 2015.